

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 103/2007

2009/EES/25/34

frá 2. febrúar 2007

## um framlengingu aðlögunartímabils sem um getur í 4. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Tekjur af þóknunum nægja þó ekki enn til að greiða að fullu þann kostnað við vottun sem stofnunin ber. Því verður stofnunin, enn sem komið er, að nota hluta af framlagi Bandalagsins til þess að standa straum af þessum kostnaði í samræmi við viðeigandi ákvæði í 4. mgr. 53. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 53. gr.,

4) Jafnvel þótt tekjur af þóknunum standi straum af stöðugt stærri hluta kostnaðar við vottun, og hafi aukist frá því að vera u.þ.b. 60% árið 2005 í það að vera áætlaðar um 70% árið 2006, hefur reynslan sýnt að það tekur tíma að koma á skilvirku fyrirkomulagi fyrir þóknunir. Á þessu stigi er ekki unnt að ábyrgjast að jafnvægi muni ríkja milli þessa kostnaðar og tekna árið 2007.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 er mælt fyrir um að Flugöryggisstofnun Evrópu skuli innheimta þóknunir fyrir útgáfu og endurnýjun vottorða og skírteina svo og tilheyrandi, viðvarandi eftirlitsstarfsemi. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 48. gr. sömu reglugerðar skulu þessar þóknunir greiddar af umsækjendum um og handhöfum vottorða og skírteina sem stofnunin gefur út, viðheldur eða breytir.

5) Til að koma í veg fyrir hugsanlegan halla að því er varðar vottunarstarfsemi, sem myndi hindra stofnunina í því að sinna verkefnum sínum, er nauðsynlegt að nýta viðeigandi ákvæði 4. mgr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 til að framlengja aðlögunartímabilið þar sem stofnuninni er heimilt að nota hluta framlags Bandalagsins til að greiða kostnað við vottun.

2) Samkvæmt 4. mgr. 53. gr. er nauðsynlegt að jafnvægi sé á milli útgjalda stofnunarinnar við framkvæmd vottunarverkefnanna og heildartekna af þóknunum sem hún innheimtir. Ákvæði sömu málsgreinar heimila þó einnig stofnuninni að nota árlegt fjárfélag Bandalagsins til að greiða kostnað við vottun á aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2006. Framkvæmdastjórnin getur framlengt þetta tímabil um eitt ár til viðbótar ef nauðsyn krefur.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 <sup>(2)</sup>, þar sem ákvarðaðar eru fjárhæðir þóknanna sem greiða skal og með hvaða hætti þær skuli greiddar, öðlaðist gildi 1. júní 2005. Frá þeim tíma skal stofnunin innheimta þóknunir fyrir vottunarverkefni.

Aðlögunartímabilið, sem um getur í 4. mgr. 53 gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002, er framlengt til 31. desember 2007.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48, 11.10.2007, p. 11.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 7. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 779/2006 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 3).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

---